

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:00, 10.09.2010

Mætt voru Silja Hauksdóttir, Ragnar Bragason, Friðrik Þór Friðriksson, Hilmar Oddsson og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Regnbogamál hafa gengið mjög vel, það verður opnað 15. sept nk. Lovísa Óladóttir hefur verið ráðin sem framkvæmdastjóri, Ási er henni til halds og trausts. Undirbúningurinn gengur vel, einfalt kaffihús verður á staðnum með léttvinsleyfi. Verið er að klára málningarvinnu oþh. Stendur til að setja saman dagskráráð. Friðrik Þór tekur að sér að vera fulltrúi SKL þar. Hugmyndir ræddar um hvernig dagskrá hússins verður kynnt; auglýsingar í Fréttablaðinu, en það þyrfti að virkja fjölmiðlana, best væri að fá fastan þátt hjá RÚV, þar sem komandi myndir væru kynntar.
3. Aðalfundur FERA verður 5. til 6. nóvember nk. Rætt hvort SKL hafi efni á því að senda tvo fulltrúa. FERA borgar eingöngu gistingu fyrir einn – og engan ferðakostnað. Ákveðið að Hilmar verði fulltrúi okkar, og Friðrik Þór mun reyna að komast, en hann verður á Strombólí á þessum tíma.
4. Umræða um harða diska og mögulega gjaldtöku af þeim, hvað er til ráða í framtíðinni? Er hægt að virkja núverandi menntamálaráðherra?
5. Hilmar stakk upp á því að Ragnar mundi skrifa skýrslu um starf SKL til að setja á heimasíðu félagsins.
6. Opinberir styrkir til BÍL eru nánast horfnir. Ein hugmynd til fjáröflunar er að hækka meðlimagjald félagsmanna, um helming – upp í 480 krónur á haus. Sem þýðir um það bil 25.000 krónur á félagið. Það var samþykkt.

Ritari var Óskar Jónasson.